

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2022-2023

Leikskólinn Álfaheiði

Tengsl við námskrá: Metnaðarfullt og fjölbreytt starf sem unnið er í góðum tengslum við námskrá leikskólans af alúð og áhuga til að efla leikskólastarfið enn frekar með einkunnarorðin, deilum gildum okkar til að skapa betri heim að leiðarljósi. Gildi leikskólans eru virðing, samvinna, ábyrgð, þakklæti, friður, kærleikur, umburðarlyndi og hugrekki og er þeim fléttað á fjölbreytilegan hátt inn í námið með það að markmiði að undirbúa nemendur betur undir lífið. Næsta skólaár er sérstök áhersla lögð á gildin friður, umburðarlyndi, kærleikur og hugrekki.

Endurmat – umbótaáætlun: Mati á skólastarfinu eru gerð góð skil og umbótarþættir koma vel fram í starfsáætlun/umbótaáætlun. Sífelld endurmat stuðlar að því að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber skv. lögum. Matsaðferðir barna eru breytilegar, hver matsaðferð er notuð að minnsta kosti annað hvert ár og þær eru aðlagðar þroska barnanna hvert sinn, börnin mátu meðal annars, vináttu milli barna og kennara, hvað er skemmtilegt að gera í leikskólanum, hvað felst í gildinu virðingu, hvað mér finnst, leik á lóð leikskólans, leikefni úti og samskipti við jafnaldr í útiveru og komu í kjölfarið með tillögur að bættum samskiptum og hvaða leikefni vantar. Unnið er að markvissu innra mati og fjölbreyttar nefndir eru starfandi í leikskólanum sem hafa skilgreind markmið, hlutverk og tíma til samráðs til að tryggja aðkomu allra starfsmanna við að meta starf leikskólans og eru vettvangur fyrir ígrundun og endurmat sem stuðla að skólaþróun. Matsteymi hefur sótt námskeið um innra mat og þróað gátlista sem nýttur er til að meta skólastarfið á skilvirkan og hagnýtan hátt. Í kjölfarið af því hafa skýr viðmið um árangur og umbótaáætlanir með margvíslegum úrbættum orðið til.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Í Álfaheiði er unnið að ýmsum þróunarverkefnum sem efla, þróa og stuðla að stöðugri þróun í leikskólanum. Undanfarin tvö skólaár hefur leikskólinn verið þátttakandi í þróunarverkefni með Unicef til að verða Réttindaskóli UNICEF og mun nú fá viðurkenningu þann 18. nóvember næstkomandi sem Réttindaskóli. Unnið er að endurnýjun Grænfána í samvinnu við Landvernd. Vinna er hafin að endurnýjun á gæðavottun Values based Education fyrir virkt lífsmenntastarf í leikskólanum. Nýtt kynningarmyndband er í vinnslu um hvernig megi gera hugmyndafræðina sýnilega utanhúss. Nýtt eTwinning samstarfsverkefni jafnframt í vinnslu og er það nátengt áherslum leikskólans í umhverfismennt á skólaárinu varðandi neyslu, soun og hringrás náttúrunnar “From earth to table from table to earth”. Innleiðing farsældarfrumvarps með samþættingu þjónustu við börn og fjölskyldur er á byrjunarstigi og stofnun lausnarteymis í leikskólanum er í vinnslu.

Endur - og símenntunaráætlun: Áætlun skólans er skýr og tekið fram að fræðsla og umræður er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólk er hvatt til að fylgjast með hvaða námskeið og fyrirlestar eru í boði og nýtast skólastarfinu, matsteymi sótti til að mynda námskeið um innra mat og starfsmannahópurinn mun fara í náms- og kynnisferð í vor þar sem áhersla verður á að styrkja starfsanda, efla

starfsmannahópin og fá innblástur og góðar hugmyndir. Skipulagsdagar eru jafnframt nýttir að hluta eða að öllu leyti til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins. Leikskólinn mun sækja um sjötta skipulagsdaginn þar sem áætlað er að fara í námsferð vorið 2023.

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Álfaheiði mun verða Réttindaskóli Unicef í nóvember og tileinkar sér vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi. Markmið leikskólans er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi og rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi. Unnið er með Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, til að mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu, að börn, forráðamenn og starfsfólk leggi sig fram við að gera það sem þeir geta til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Álfaheiði er Sólblómaleikskólinn, hann er Grænfánaleikskóli og markmið og áherslur allra þessara verkefna tala mjög vel saman.

Börn: Fjölbreytt, krefjandi og spennandi nám og verkefni sem börnunum stendur til boða. Lögð er áhersla á styrkleika barna og hæfni og litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Mikill metnaður til að skapa gott námsumhverfi fyrir börnin og mæta áhuga og þörfum þeirra. Í samstarfi við foreldra kappkostar leikskólinn að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Starfsmenn: Starfsmannastefna er með góða áhersluþætti og byggist meðal annars á Lífsmenntinni, lögð sé áhersla á opin skoðanaskipti, allir beri sameiginlega ábyrgð á góðum starfsanda, gagnkvæm virðing sé til staðar, ábyrgð í starfi og að mannauður og skoðanir allra séu virtar. Leikskólastarfið byggir á áhugasömum og hæfum starfsmönnum sem hafa tækifæri til að rækta þekkingu sína og hæfileika í framsæknu lærdómssamfélagi.

Foreldrar: Lögð er áhersla á að samstarf foreldra og leikskólans byggi á gagnkvæmum skilningi, trausti, góðu upplýsingaflæði og virðingu þar sem umhyggja og velferð barnanna er höfð að leiðarljósi. Foreldrar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsmanna leikskólans mótast strax á fyrsta degi barnsins í leikskólanum.

Annað: Í starfsáætlun kemur glöggt fram það metnaðarfulla og öfluga starf sem unnið er af góðum starfsmannahóp þar sem tryggt er að allir fái að hafa skoðun og geta lagt sitt að mörkum til að gera frábært leikskólastarf enn betra.